

Mánudaginn 7. maí 1990.

nr. 95/1990.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Þorvaldi Ragnarssyni

(Örn Clausen hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 2. mars sl. og jafnframt af hálfu ákærvalds. Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Af hálfu varnaraðila er aðallega krafist frávisunar málsins frá héraðsdómi, en til vara, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, og fari refsing fram úr sekt, er þess krafist, að hún verði skilorðsbundin.

Ákærði játaði sekt sína og vefengdi hvorki radarmælingu lögreglu fyrir rannsóknarlögreglu né fyrir dómi. Fyrir dómi kynnti hann sér öll fram lögð gögn málsins og gerði ekki athugasemdir við þau. Eins og hér háttar til, verður því að telja, að kröfur 1. mgr. 75. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. 13. gr. laga nr. 107/1976, séu uppfylltar. Verður því frávisunarkrafa varnaraðila ekki tekin til greina. Rétt hefði þó verið, að frumgögn um radarmælinguna og aðstæður við hana væru lögð fram.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu til refsíákvæða. Við refsíákvörðun ber að líta til sakaferils ákærða, eins og honum er lýst í héraðsdómi, sbr. 70. gr., 1. mgr. 5. tl. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er refsingin réttilega ákveðin í héraðsdómi.

Brot ákærða var framið 16. júní 1988, og var lögregluskýrsla gerð þann dag. Ákærði gaf skýrslu fyrir lögreglu 17. ágúst s.á. hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði, sem 16. september s.á. sendi málið til yfirsakadómarans í Reykjavík. Fulltrúi yfirsakadómarara sendi síðan málið til ríkissaksóknara 13. nóvember 1989, án þess að málið hefði hlotið nokkra meðferð í sakadómi. Átelja verður þennan

óhæfilega drátt málsins í sakadómi Reykjavíkur. Þar sem mál þetta hefur verið svo slælega rekið, þykir mega skilorðsbinda refsingu ákærða.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þorvaldur Ragnarsson, sæti varðhaldi í 30 daga, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. desember 1989.

Ár 1989, föstudaginn 8. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 608/1989: Ákærvaldið gegn Þorvaldi Ragnarssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. f.m., á hendur ákærða, Þorvaldi Ragnarssyni, áður að Lauga-vegi 86, nú að Ystaseli 30 í Reykjavík, kennitala 081161-3569.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að aka, að kvöldi fimmtudagsins 16. júní 1988, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-35722 frá veitingahúsinu Royal, Nýbýlavegi 22, Kópavogi, áleiðis að Ásbraut og fyrir að aka vestur Kársnesbraut með allt að 87 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli austan við hús nr. 9.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Ákærði, Þorvaldur Ragnarsson, hefur viðurkennt að hafa fimmtudagskvöldið 16. júní 1988 ekið fólksbifreiðinni R-35722, sviptur ökuleyfi ævilangt, frá veitingahúsinu Royal, Nýbýlavegi 22 í Kópavogi, áleiðis að húsi við Ásbraut þar í bænum, en akstri lauk klukkan 20.25 fyrir afskipti tveggja lögreglumanna, er mældu með ratsjá hraða bifreiðarinnar á leið vestur Kársnesbraut, og reyndist hún á 87 km hraða, en leyfður hámarks-
hraði á götunni er 50 km. Hefur ákærði ekki vefengt hraðamælinguna.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða um fyrra ákæruatriðið og hraðamælingum tveggja lögreglumanna, sem ákærði hefur ekki vefengt, er sannað, að hann hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákærunni og þar er rétt fært til refsíákvæða.

Sakaferill ákærða.

- 1979 23/1 Akranes. Sátt: 100.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengisлага. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 23.1.1979.
- 1981 26/10 Akranes. Sátt: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 26.10.1981.
- 1983 25/8 Akranes. Dómur: 12.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 2.12.1983.
- 1986 22/3 Akranes. Dómur: Varðhald 30 daga fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 22.3.1986. Veitt heimild til ökuleyfis á ný 22.6. 1989.
- 1987 26/10 Suður-Múlasýsla, Eskifjörður. Sátt: 16.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.

Refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af fyrri brotum hans á umferðarlögum og 77. gr. almennra hegningarlaga varðhald í 30 daga.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorvaldur Ragnarsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.